

Starfsáætlun 2022-2023



Ungbarnaleikskólinn Ársól
Heilsuleikskóli

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat.....	4
2.1 Innra mat Ársólar 2021-2022.....	5
2.1.1 Umbótaþættir deilda 2023-2024.....	6
2.1.2 Innra mat sérkennslu og fjöiltyngi barna	10
3 Ytra mat.....	11
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	11
4.1 Símenntun 2022-2023.....	12
4.2 Símenntunaráætlun 2023-2024.....	13
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundarmiðstöðva	14
6 Foreldrasamvinna.....	14
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	16
8 Sérkennsla og stuðningur	16
9 Fylgigögn.....	17
9.1 Umbótaáætlun 2023-2024	18
9.2 Skóladagatal 2023- 2024	25
9.3 Gátlisti heilsustefnunnar	26
9.4 Um starfsáætlanir leikskóla og foreldraráð	31
9.4.1 Umsögn foreldraráðs.....	32

Leiðarljós leikskólans:

Heilbrigð sál í hraustum líkama þar sem **samvinna** starfsfólks einkennist af **jákvæðni, gleði, kærleika og trausti**.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Í ágúst 2022 kom nýr skólastjóri til starfa, Guðmunda Júlía Valdimarsdóttir, þar til í maí 2023. Inga Dóra Hlíðdal Magnúsdóttir tók þá við af henni sem skólastjóri, en hún hefur starfað hjá fyrirtækinu síðan 2015 sem deildarstjóri og aðstoðarskólastjóri. Árný Sif Reynisdóttir, aðstoðarskólastjóri, er í fæðingarorlofi frá febrúar 2023 til júlí 2024. Í hennar stað kemur Guðlaug Ingibjörg Þorsteinsdóttir. Skólaárið byrjaði með sama sniði og önnur skólaár, aðlaganir hófust í lok ágúst. Aðlaganir voru þó áfram fram eftir vori. Í byrjun skólaársins urðu síðan breytingar á starfsmannahópnum og bættist við nýr mannauður. Tóku við tveir nýjir deildarstjórar, sem hafa báðar starfað hjá fyrirtækinu undanfarin ár. Með þessum nýja mannauði verður starfið faglegt og auðvelt að ná þeim markmiðum sem við setjum okkur hverju sinni ásamt því að leitast verður við að þróa starfsaðferðir okkar enn frekar.

Símenntun síðasta skólaárs efldu starf Ársólar svo um munar en notkun TMT hefur margfaldast ásamt því að starfsfólk er enn meðvitaðra um mikilvægi markvissar málörvunar. Vegna samfélagsaðstæðna í kjölfar Covid-faraldursins var gífurlegur áhugi hjá starfsmönnum á að fá að lítast um hjá öðrum leikskólum sem vinna með svipaðan aldur og því varð úr að skipta starfsmannahópnum í heimsóknir til fjögurra leikskóla. Þessar leikskólaheimsóknir urðu síðan kveikjan að mikilli umræðu innanhúss og má finna fyrir áköfum áhuga starfsmanna að viðhalda faglegum umræðum um starfið og málefni yngstu barna leikskólanna. Með nýju skólaári koma auknar áherslur á að þróa starfið í Ársól og stuðla að þróunarstarfi með öðrum leikskólum. Þá urðu aðstæður þannig að ekki var unnt að fara í námsferð en verður hún sett í forgang á næsta skólaári samhliða áherslu á að nýta mannauðinn áfram á skipulagsdögum og fundum. Við í Ársól búum svo vel að nokkrir starfsmanna eru í leikskólakennarafræði ásamt öðrum nátengdum fræðum. Önnur símenntun sem við fengum var fyrirlestur um útiveru og hvernig megi örva hreyfifærni og styðja við fróðleiksporsta barna með nánasta umhverfi þeirra í fyrirrúmi.


En þrátt fyrir miklar breytingar og krefjandi verkefni hefur starfsfólkinu tekist að halda í jákvæðni og útsjónarsemi og ávallt reynt að vinna með aðstæður til hins betra og faglegra. Með miklum metnaði, jákvæðni og gleði viljum við halda áfram að vera framúrskarandi ungbarnaleikskóli og fyrirmynd fyrir aðra sem vinna með svo ungum börnum. Starfsfólk Ársólar einsetur sér að verða brautryðjandi í leikskólastarfi yngstu barnanna.

2 Innra mat

Tilgangur með innra mati er að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Með innra mati er einnig ætlað að veita upplýsingar um starfshætti skólans, stuðla að umbótum og auknum gæðum og er liður í þróun á starfsháttum hans (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). Samkvæmt reglugerð nr. 893/2009 um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald er hverjum leikskóla gert að leggja mat á árangur og gæði skólastarfsins með innra mati og eru markmið þess að:

- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla
- tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum
- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra
- auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum

Mat gefur upplýsingar um hverju þarf að breyta eða hvað þarf að bæta til að ná þeim markmiðum sem leikskólinn hefur sett sér í stefnu skólans. Hægt er að líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind í samvinnu, lagt mat á þau og ákvarðað hvað skal gera í framhaldinu. Settar eru fram umbætur/matsáætlun sem byggja á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og vinna skipulögð út frá þeim niðurstöðum. Í umbótaáætlun eru settar fram hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að. Þannig fer þetta ferli hring eftir hring og stuðlar að bættu skólastarfi.



Leiðbeiningar um innra mat leikskóla, bls. 8.

2.1 Innra mat Ársólar 2021-2022

Áhersla var lögð á eftirfarandi þætti í umbótaáætlun 2021-2022:

- Í kaflanum um **stjórnun** var lögð áhersla á að styrkja enn frekar leikskólaþróun og starfsþróun innan skólans með stjórnendafundum og starfsmannaviðtölum. Það sem er stöðugt í gangi og breytist ekki á milli ára er að allt starfsfólkið þekki innra starfið og stefnu skólans. Stjórnendur sjá til þess að nýtt starfsfólk lesi sér til um stefnu skólans, skólanámskrá, starfsáætlanir o.þ.h.
- Í **uppeldis- og menntastarfi** var haldið áfram að skoða skipulag námsaðstæðna, t.d. með sjónrænu dagsskipulagi og að merkja leikfangakassa svo að börnin geti séð hvað eigi að vera í þeim. Héldum við áfram að vinna með ákveðin þroskatímabil og er það komið til að vera hjá okkur en er í áframhaldandi þróun. Þriðja áherslan er á leikskóla án aðgreiningar og vera þannig vakandi fyrir jafnræði milli barnanna. Fjórða áherslan var á mat á námi barnanna með markvissum skráningum í heilsubókina ásamt því að efla okkur í skráningum fyrir hópastarf.
- Þegar kom að **mannauði** var lögð áhersla á hlutverk leikskólakennarans og það gert sýnilegt í starfi með faglegum umræðum og áhersla á að vera fyrirmynd fyrir aðra. Einnig voru skoðaðar niðurstöður úr Skólapúlsum þar kom í ljós að leggjast þarf í vinnu hvað varðar samskipti og skipulag innanhúss. Áhersla verður því lögð á að bæta vankanta á samskiptum og upplýsingaflæði hvað varðar skipulag starfsins. Önnur áherslan var að starfsfólk fái tækifæri til að kynna sér þróun leiks ungra barna.
- Þegar kom að **leikskólabrag** lögðum við áherslu á móttöku nýrra starfsmanna að fólk finni sig velkomið til starfa og læri inná starfshætti og menningu skólans. Áhersla á að nýtt fólk fái tíma til að lesa sig til um starfið og stefnu skólans og að sérstök móttökuáætlun sé í gangi.
- Varðandi **innra matið** þá gerði hver deild áætlun um þá umbótaþætti sem þau vildu vinna að á skólaárinu 2022– 2023. Þeir þættir sem sú áætlun byggir á kemur fram hér á eftir og heildarumbótaáætlun fyrir skólann er í fylgiskjali 8.1. Tekin var ákvörðun um að halda áfram að vinna með umbótaþætti sem settir voru fram á skólaárinu 2020-2021 vegna breytinga á starfsmannahópnum. Einnig var stutt starfsmannakönnun lögð fyrir starfsfólkið á vormánuðum til þess að athuga með upplifun og líðan starfsfólks í vinnunni. Voru það aðallega tveir þættir sem við þurfum að bæta okkur í og eru það samskipti og upplýsingaflæði innanhúss og verða þessir þættir settir í umbótaáætlun fyrir næsta skólaár.
- Varðandi **grænfánann** þá verður unnið að úttekt og markmiðum fyrir fjórða fánann.

2.1.1 Umbótaþættir deilda 2023-2024

Stjórnendateymi Ársólar ákvað í sameiningu að samræma umbótaþætti deildanna þriggja þar sem unnið er að bæta ákveðna þætti og samræma á milli allra deilda. Umbótaþættir þessir eru búnir að vera í vinnslu síðastliðin skólaár og eru vel á veg komnir nú þegar.

Umbótapættir Sjónarhóll	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Sjálfs hjál og vellíðan barna	Bæta vellíðan barna og veita þeim aukin tækifæri til að efla sig í sjálfs hjál	Ræða saman um hvernig tækifæri verða sköpuð og hvernig við viljum að framvindan verði.	Nóvember 2023 – apríl 2024	Starfsmenn deildarinnar	Skráning og deildarfundir	Þegar börnin eru farin að taka frumkvæði í sjálfs hjál
Deildarfundir 1x í mánuði	Taka stöðuna á deildinni og fá að heyra hugmyndir og annað frá starfsfólki	Hafa fasta daga fyrir fund, t.d. fyrsta mánudag í mánuði	Skólaárið 2023-24	Deildarstjóri	Endurmat gert í lok skólaárs um hvernig gekk	Að fundargerð sé gerð eftir hvern fund
Vinátta- verkefnið Blær	Vinna á markvissari hátt með Blæ í hópastarfi og/eða í sérstökum Blæ- stundum	Að starfsmenn deildarinnar kynni sér Blæ nánar og prófi sig áfram með mismunandi verkefni tengdum Blæ	Er alltaf í gangi	Deildarstjóri ber ábyrgð á framkvæmd. Hópstjórar bera ábyrgð á að sinna Blæ reglulega.	Endurmat verður gert á vorönn 2024	Að börnin þekki Blæ og læri af honum
Markvissar málörvunar stundir	Að öll börn fái markvissa málörvunar- stund 1x-2x í viku.	Stuttar stundir með 4-5 börnum í einu	Alltaf í gangi	Allir á deildinni bera ábyrgð á að fara í þessar stundir	Vorönn 2024	Skráning á því hvað fer fram í hverri stund
Myndrænt dagsskipulag	Auka öryggi barnanna með myndrænu dagsskipulagi	Myndrænt skipulag tekið í notkun	Skólaárið 2023-2024	Deildarstjóri	Endurmat á vorönn 2024	Að myndrænt dagsskipulag sé komið í notkun

Umbótapættir Sólheimar	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Sjálfs hjál og vellíðan barna	Bæta vellíðan barna og veita þeim aukin tækifæri til að efla sig í sjálfs hjál	Ræða saman um hvernig tækifæri verða sköpuð og hvernig við viljum að framvindan verði.	Nóvember 2023 – apríl 2024	Starfsmenn deildarinnar	Skráning og deildarfundir	Þegar börnin eru farin að taka frumkvæði í sjálfs hjál
Deildarfundir 1x í mánuði	Taka stöðuna á deildinni og fá að heyra hugmyndir og annað frá starfsfólki	Hafa fasta daga fyrir fund, t.d. fyrsta mánudag í mánuði	Skólaárið 2023-24	Deildarstjóri	Endurmat gert í lok skólaárs um hvernig gekk	Að fundargerð sé gerð eftir hvern fund
Vinátta-verkefnið Blær	Vinna á markvissari hátt með Blæ í hópastarfi og/eða í sérstökum Blæ-stundum	Að starfsmenn deildarinnar kynni sér Blæ nánar og prófi sig áfram með mismunandi verkefni tengdum Blæ	Er alltaf í gangi	Deildarstjóri ber ábyrgð á framkvæmd. Hópstjórar bera ábyrgð á að sinna Blæ reglulega.	Endurmat verður gert á vorönn 2024	Að börnin þekki Blæ og læri af honum
Markvissar málörvunar stundir	Að öll börn fái markvissa málörvunar-stund 1x-2x í viku.	Stuttar stundir með 4-5 börnum í einu	Alltaf í gangi	Allir á deildinni bera ábyrgð á að fara í þessar stundir	Vorönn 2024	Skráning á því hvað fer fram í hverri stund
Myndrænt dagsskipulag	Auka öryggi barnanna með myndrænu dagsskipulagi	Myndrænt skipulag tekið í notkun	Skólaárið 2023-2024	Deildarstjóri	Endurmat á vorönn 2024	Að myndrænt dagsskipulag sé komið í notkun

Umbótapættir Sunnukot	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Sjálfs hjálpar og vellíðan barna	Bæta vellíðan barna og veita þeim aukin tækifæri til að efla sig í sjálfs hjálpar	Ræða saman um hvernig tækifæri verða sköpuð og hvernig við viljum að framvindan verði.	Nóvember 2023 – apríl 2024	Starfsmenn deildarinnar	Skráning og deildarfundir	Þegar börnin eru farin að taka frumkvæði í sjálfs hjálpar
Deildarfundir 1x í mánuði	Taka stöðuna á deildinni og fá að heyra hugmyndir og annað frá starfsfólki	Hafa fasta daga fyrir fund, t.d. fyrsta mánudag í mánuði	Skólaárið 2023-24	Deildarstjóri	Endurmat gert í lok skólaárs um hvernig gekk	Að fundargerð sé gerð eftir hvern fund
Vináttu- verkefnið Blær	Vinna á markvissari hátt með Blæ í hópastarfi og/eða í sérstökum Blæ- stundum	Að starfsmenn deildarinnar kynni sér Blæ nánar og prófi sig áfram með mismunandi verkefni tengdum Blæ	Er alltaf í gangi	Deildarstjóri ber ábyrgð á framkvæmd. Hópstjórar bera ábyrgð á að sinna Blæ reglulega.	Endurmat verður gert á vorönn 2024	Að börnin þekki Blæ og læri af honum
Markvissar málörvunar stundir	Að öll börn fái markvissa málörvunar- stund 1x-2x í viku.	Stuttar stundir með 4-5 börnum í einu	Alltaf í gangi	Allir á deildinni bera ábyrgð á að fara í þessar stundir	Vorönn 2024	Skráning á því hvað fer fram í hverri stund
Myndrænt dagsskipulag	Auka öryggi barnanna með myndrænu dagsskipulagi	Myndrænt skipulag tekið í notkun	Skólaárið 2023-2024	Deildarstjóri	Endurmat á vorönn 2024	Að myndrænt dagsskipulag sé komið í notkun

Heilsueflandi teymi Ársólar fór yfir sex gátlista inn á vef Heilsueflandi leikskóla hjá Embætti Landlæknis. **Hreyfing** og **mataræði** er skoðað árlega þar sem þeir þættir tengjast Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur sem unnið er eftir í Ársól. Aðrir gátlistar voru **öryggi**, **nærsamfélag**, **geðrækt** og **tannheilsa**. Engar breytingar eru á gátlistunum á milli skólaára. Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

- Í **hreyfingu** hélst 91% viðmiðum náð og í **mataræði** hélst 91% og er mjög ásættanlegt en sumu náum við ekki vegna ungs aldurs barnanna.
- Í **öryggi** héldust viðmið 72%. Markmiðið er enn að ná amk. 80% viðmiða en haldið verður áfram að vinna í þeim kafla, meðal annars með því að vinna betur að skýrum verkferlum varðandi öryggi barnanna í vettvangsferðum, leiktæki á skólalóð lagfærð og færð ú takt við öryggisstaðla, lagt verður upp með að skoða hávaðamengun o.s.frv.
- Ársól hefur enn ekki sett sér stefnu er varðar **tannheilsu** en heilsueflandi teymið hefur þegar hafið drög að tannverndarstefnu leikskólans. Í umbótaáætlun er því gert ráð fyrir því að halda áfram að vinna að ýmsum þáttum er varðar gátlistann um tannheilsu. Farið var yfir gátlista um **tannheilsa** og héldust 20% af viðmiðum. Áætlað er að klára vinnu við tannverndarstefnu skólans á komandi skólaári og ná bætingu.
- Kaflinn um **nærsamfélag** kom mjög vel út og hélst 100%. Það er mjög ánægjulegt að sjá að gátlistanum sé að öllu leyti komið til framkvæmda sem sýnir fram á að sú vinna sem hefur verið lögð í að efla þennan þátt hafi borgað sig margfalt. Sjá má marktækan árangur á nýtingu leikskólans á þeirri aðstoð og aðstöðu sem er í boði í nærsamfélaginu til þess að efla heilsu og líðan barnanna. Leikskólinn hefur í miklum mæli nýtt sér að leita til þjónustumiðstöðvar hverfisins ef upp koma mál sem krefjast utanaðkomandi aðstoðar auk þess að starfsfólk hefur í meiri mæli nýtt sér útivistarsvæði í nærumhverfi leikskólans til þess að efla hreyfingu barnanna.
- Í gátlistanum um **geðrækt** var 89% viðmiðum náð og er áætlað að stuðla að bætingu í þessum gátlista á komandi skólaári.

Stjórnendur leikskólans fóru í gegnum Gátlista Samtaka Heilsuleikskóla (sjá í fylgigögnum) á fagfundi 4.maí 2023. Rætt var um hvern þátt fyrir sig og voru stjórnendur almennt sammála um hvert atriði fyrir sig. Í liðunum undir **samskipti**, **næringu** og **sjálfshjálp**, **hreyfingu**, **líðan** og **skráningar** er Ársól að standa sig mjög vel. Skerpa þarf aðeins á þáttunum um **lífsleikni** og **sköpun** en sumt er erfitt með að ná sökum ungs aldurs barnanna.

Þegar kom að því að meta Grænánaverkefnið var bersýnilegt að það þurfi að stuðla að bætingum. Sett voru ný markmið fyrir skólaárið 2021-2022 en vegna starfsmannabreytinga var ákveðið að taka stutt hlé á vinnu við nýju markmiðin. Þá var haldið áfram með það góða starf sem leikskólinn hefur í gegnum árin stuðlað að.

2.1.2 Innra mat sérkennslu og fjöltyngi barna

Lækjasfgæ

3 Ytra mat

Ekkert ytra mat fór fram í Ársól á síðasta skólaári. Stefnt er að hafa ytra mat á næsta skólaári 2023-2024.

4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Í verklagi sem Skólar ehf. hafa sett sér er gert ráð fyrir að deildarstjórar taki starfsþróunarsamtöl annað árið og skólastjóri hitt árið. Á skólaárinu 2022-2023 tók nýr skólastjóri viðtöl við starfsfólk skólans, viðtölin fóru fram í mars 2023. Á skólaárinu 2023-2024 mun deildastjóri taka samtöl við sitt starfsfólk og leikskólastjóri tekur samtöl við deildarstjóra.

4.1 Símenntun 2022-2023

Starfshópar	Námskeið - kennari	Markmið	Tími	Greiðandi	Ábyrgð
Allir	Jákvæðir starfshættir og samskipti í Ársól- Árný Sif	Fá fræðslu um hvernig starfshættir eru í leikskólanum og ábyrgð þeirra í starfi	Ágúst 2022	Skólar ehf	Árný Sif
Allir	Sameiginlegar uppeldisreglur- Árný Sif	Að allt starfsfólk beiti sömu aðferð í uppeldi/agamálum	Ágúst 2022	Skólar ehf	Árný Sif
Allir	Skyndihjálparnámskeið	Að starfsfólk læri rétt viðbrögð við slysum	Haustönn 2022	Skólar ehf	Guðmunda og Árný
Allir	TMT	Aðferðin er málörvandi fyrir öll ung börn og því óhætt að hvetja foreldra og kennara ungra barna að nota TMT sem skemmtilegt málörvunartæki sem um leið hjálpar þeim sérstaklega sem á þurfa að halda.	Haustönn 2022	Skólar ehf	Guðmunda og Árný
Rakel Ósk Þórðardóttir	Trúnaðarmannanámskeið Eflingar	Kynnast starfsemi Eflingar og hlutverki trúnaðarmanns	Vorönn 2023		Rakel Ósk Þórðardóttir
Allir	Færni til framtíðar Sabína Halldórsdóttir	Að starfsfólk læri hvernig örva megi hreyfifærni barna úti í nánasta umhverfi	Vorönn 2023	Skólar ehf	Guðmunda og Inga Dóra
Allir	„Bræðiköst og aðferðir til að bregðast þeim“ Kristbjörg Helgadóttir	Að starfsfólk kynni sér tilurð bræðikasta og æskilegar og vel rannsakaðar aðferðir til að bregðast við slíkum aðstæðum	Vorönn 2023		Guðmunda og Inga Dóra
Allir	Hvernig vinnum við hópastarfið í Ársól Justina Liberyte	Að starfsfólk kynni sér fjölbreytni í hópastarfi og nýti sér þá þekkingu sem til er í húsi til að vinna með þroskaþætti barna í gegnum hópastarf	Vorönn 2023		Guðmunda og Inga Dóra
Allir	Leikskólaheimsóknir Sólgarður, Sunnuhvoll, Mánahvoll og Kríuból	Að sjá og kynnast leikskólastarfi annarra skóla sem starfa með svipaðan aldur	Vorönn 2023		Inga Dóra

4.2 Símenntunaráætlun 2023-2024

Hér að neðan er áætlun fyrir símenntun á næsta skólaári. Þar sem við erum að skipta um leikskólastjóra eftir sumarlokun er áætlunin stutt að þessu sinni en með nýjum stjórnanda koma nýjar áherslur og markmið. Verður því áætlunin í raun ekki tilbúin til fulls fyrr en kominn er góð mynd á hvernig uppbygging starfsmannahópsins og fagstarfsins verður á nýju skólaári.

Starfshópar	Námskeið - kennari	Markmið	Tími	Greiðandi	Ábyrgð
Allir	Jákvæðir starfshættir og samskipti í Ársól-Inga Dóra	Fá fræðslu um hvernig starfshættir eru í leikskólanum og ábyrgð þeirra í starfi	Ágúst 2022	Skólar ehf	Inga Dóra
Allir	Sameiginlegar uppeldisreglur- Inga Dóra	Að allt starfsfólk beiti sömu aðferð í uppeldi/agamálum	Ágúst 2022	Skólar ehf	Inga Dóra
Inga Dóra	Smábarnalistinn	Öðlast réttindi til að lesa úr listanum sem er lagður fyrir foreldra	September 2023	Þátttakendur	Þátttakerdur
Allir	Afferli og leikur yngri barna	Verið er að skoða að fá námskeið um afferli og leik yngri barna	Haustönn 2023	Skólar ehf	Inga Dóra og Guðlaug
Allir	Málproski og málörvun ungra barna	Að starfsfólk öðlist þekkingu á málproska og málörvun ungra barna – áhersla á söng		Skólar ehf	
Allir	Fyrirlestrar frá starfsfólki leikskólans Starfsmenn í leikskólakennarafræði	Að starfsfólk kynni sér nýja þekkingu sem kemur úr námi starfsmanna leikskólans og þar með viðhaldi stöðu sinni sem lærdómssamfélag	Vorönn 2023		Inga Dóra og Guðlaug
Allir	Námsferð Finnland	Að sjá og kynnast leikskólastarfi í Finnlandi. Verið er að vinna að dagskrá námsferðarinnar	Vorönn 2024	Þátttakendur	Inga Dóra og Guðlaug
Kristbjörg Helgadóttir	M.T.-gráða í leikskólakennarafræði	Útskrift sem leikskólakennari	Júní 2024		Kristbjörg Helgadóttir
Justina Liberyte	B.ed.gráða í leikskólakennarafræði	Útskrift sem aðstoðarleikskólakennari	Júní 2024		Justina Liberyte

5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundarmiðstöðva

Þar sem Ársól er ungbarnaleikskóli fara börnin ekki yfir á næsta skólastig þegar þau hætta í skólanum. Þau fara þó yfir í umhverfi sem er meira krefjandi og börnin þurfa því að vera vel undirbúin fyrir það. Hlutverk starfsfólks Ársólar er að undirbúa þau sem best fyrir þetta næsta skref og það er gert með því að veita þeim sem flest tækifæri til þess að þroskast og dafna í öruggu umhverfi. Farið er í vettvangsferðir um hverfið, skipulagðar hreyfistundir eru tvisvar í viku, börnin læra að borða sjálf með áhöldum, að klæða sig úr/í sjálf, að drekka úr opnu glasi, að leggja sig inni með öðrum börnum, að leika sér og eiga í samskiptum við aðra og ýmislegt fleira. Allt þetta er góður og mikilvægur undirbúningur fyrir framtíðina.

6 Foreldrasamvinna

Leikskólinn er lögum samkvæmt fyrsta skólastigið í menntakerfinu og annast að ósk foreldra nám barna á leikskólaaldri. Foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi barna sinna. Leikskólanám er viðbót við uppeldi foreldra en er á engan hátt ætlað að koma í stað þess. Á þessum grundvallaratriðum byggist foreldrasamvinna.

Þegar barnið fær leikskólavist í Ársól er foreldrum boðið á kynningarfund hjá skólastjórnendum sem kynna stefnu skólans, foreldrar undirrita dvalarsamning og skoða deildina sem barnið mun vera á. Samstarf milli heimilis og leikskóla hefst áður en barnið byrjar í leikskólanum, meðal annars með heimsóknum heim til barnanna. Á þeim tíma er grunnur lagður að foreldrasamstarfi ásamt þátttökuaðlögun þar sem jákvæð og opin samskipti eru höfð að leiðarljósi. Í aðlögun er lagður grunnur að gagnkvæmum kynnum, trausti og virðingu á milli foreldra og leikskóla.

Foreldrafundir

Foreldrafundir eru haldnir í október ár hvert ásamt kynningarfundum fyrir nýja foreldra á vorönn. Á haustfundinum eru gefnar margvíslegar upplýsingar um leikskólastarfið, sagt frá áherslunum fyrir komandi skólaár og þróunarverkefnum sem eru í gangi hverju sinni. Einnig er kosið í foreldraráðið og fulltrúa foreldra í Grænfánateymið en það þarf nýja fulltrúa á hverju ári vegna þess að börnin eru oftast bara í Ársól í einn vetur.

Foreldrasamtöl

Deildarstjórar og/eða hópstjóri eiga formlegt samtal við forelda einu sinni til tvisvar á ári þar sem foreldrar eru upplýstir um stöðu og líðan barnsins í leikskólanum. Samtalið er byggt á upplýsingum um barnið, athugunum á færni og þroska í leik og starfi og Heilsubók barnsins. Miðað er við að skrá í

Heilsubók barnsins við 18 og 24 mánaða aldur og þá eru foreldraviðtölin fljótlega eftir skráninguna hverju sinni. Með þessu nýja fyrirkomulagi gefst betra tækifæri til að bera saman þroskaframtönd barnanna með 6 mánaða millibili. Í foreldraviðtölum gefst foreldrum tækifæri til að spyrja spurninga og veita upplýsingar um barnið. Á haustönn er einnig val fyrir foreldra hvort þeir vilji viðtal u.þ.b. þremur mánuðum eftir að aðlögun hefst.

Foreldrar eiga einnig alltaf kost á því að fá viðtalstíma við kennara ef þeir hafa þörf fyrir að ræða málin auk þess sem að lögð er mikil áhersla á dagleg samskipti og gott upplýsingaflæði á milli heimilis og skóla. Foreldrasamtöl geta farið fram á staðnum eða í gegnum fjarfundarbúnað.

Foreldrafélag og foreldraráð

Foreldraráð leikskólans hefur verið sambland af ráði og foreldrafélagi vegna smæðar skólans og er nýtt ráð kosið árlega á haustfundi með foreldrum. Markmið foreldraráðsins er að tryggja hagsmuni og velferð barnanna ásamt innra starfi leikskólans. Einnig hefur foreldraráðið komið að skipulagningu sumarhátíðar leikskólans sem er haldin árlega en mánaðarlegt foreldrafélagsgjald stendur meðal annars undir kostnaði við hátíðina. Sumarhátíð Ársólar 2023 var haldin föstudaginn 2. júní þar sem við áttum gleðilega stund í sólinni með tónlist, leikjum og andlitsmálningu ásamt því að boðið var upp á heilsusamlegar veitingar.

Á skólaárinu 2022-2023 gaf foreldrafélag Ársólar öllum börnunum bókagjöf í desember ásamt var leikskólanum afhent fjórburakerra við sumarlokun leikskólans.

Samskipti við erlenda foreldra

Eins og við alla foreldra er lögð áhersla á góð og uppbyggileg samskipti við foreldra sem eiga annað móðurmál en íslensku. Þegar farið er í heimsókn áður en barnið byrjar í Ársól er fyllt út sérstakt eyðublað þar sem meðal annars er spurt um hvaða tungumál eru töluð á heimilinu, við barnið, foreldrar sín á milli o.þ.h. Með þessu er hægt að kortleggja í hvaða aðstæðum barnið sé, hvort það heyri íslensku talaða heima o.þ.h. Einnig er kannað hvort foreldrar vilji túlk í foreldraviðtölum. Að auki er reynt að undirbúa foreldrana vel undir aðlögunina, meðal annars með skriflegum upplýsingum með áætlun fyrir aðlögun (einnig til á ensku) og einnig blað varðandi hagnýtar upplýsingar (að koma og fara, veikindi og fjarvistir, merkja fatnað o.þ.h.). Aðlögun getur reynt foreldrum erfið, sérstaklega þeim sem hafa ekki reynslu af íslenska leikskólakerfinu og þess vegna þarf að sýna þessum hópi sérstaka athygli og skilning. Í heimsóknunum hafa foreldrar tækifæri til að

spyrja og fá upplýsingar á sínu heimili án truflunar frá utanaðkomandi aðila og eru því vonandi betur í stakk búin að takast á við að skilja börnin eftir í fyrsta skipti í lok fæðingarorlofs.

Fyrir þau börn sem eiga báða foreldra af erlendu bergi og hafa lítið heyrt íslenskuna er reynt að nota Tákni með tali markvisst og að tala mikið við börnin, eins og er gert við öll börnin í Ársól.

7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar á skólaárinu 2023-2024 eru eftirfarandi:

Miðvikudagur 23.ágúst 2023: Hálfur skipulagsdagur eftir hádegi

Föstudagur 29.september 2023: Heill skipulagsdagur

Föstudagur 13.nóvember 2023: Heill skipulagsdagur

Þriðjudagur 2.janúar 2024: Heill skipulagsdagur

Föstudagur 8.mars 2024: Hálfur skipulagsdagur eftir hádegi

Miðviku- og föstudagur 8. og 10.maí: Tveir heilir skipulagsdagur vegna námsferðar

8 Sérkennsla og stuðningur

Á skólaárinu 2020-2021 voru stjórnendur leikskólans í góðu samstarfi við þjónustumiðstöðina Miðgarði. Fengin var hegðunarráðgafi frá þeim í hús til að gefa starfsfólki og foreldrum frekari ráð varðandi börnin í Ársól sem vantar frekari örvun. Út frá þessu var ákveðið að hafa samráðsfund með teymi Miðgarðs þar sem deildarstjórar og leikskólastjóri voru viðstaddir og tóku stöðuna á skólanum. Var ákveðið á þessum fyrsta fundi að hafa hann árlega í byrjun árs. Hefur það gengið eftir og eru stjórnendur leikskólans ánægðir með góð samskipti og mikinn stuðning þjónustumiðstöðvarinnar við starf leikskólans.

Á skólaárinu 2022-2023 voru 2 börn með annað móðurmál en íslensku (pólska og litháenska) og eitt barn þar sem annað foreldri var með annað móðurmál en íslensku. Það tungumál sem var talað á þessu heimili er Sinhalese málýska samhliða góðri íslensku beggja foreldra.

Í Ársól er til **áætlun um málörvun** í leikskólanum. Börnin í Ársól eru að fara í gegnum sitt fyrsta máltökuskeið og því er lögð er áhersla á að nota Tákni með tali í daglegu starfi og að tala mikið við börnin með áherslu á hugtakanotkun. Sökum ungs aldurs barna í Ársól er ekki eiginleg sérkennsla sem slík hvorki vegna fjölyngi eða annarra ástæðna, heldur er í sífellu leitast við að efla hvert og einasta barn þar sem það er statt og unnið að því að auðvelda þeim að öðlast þroska og hæfni fyrir

komandi skólastig og framtíðarverkefni, hvort sem leitast er til þjónustumiðstöðvar til aðstoðar eða þekkingar innanhúss.

Áætlun um snemmtæka íhlutun í Ársól gengur út á að örva börnin meðal annars í gegnum skipulagðar hreyfistundir í sal þar sem lögð er áhersla á krossskrið, jafnvægi og samhæfingu.

Einstaklingsnámskrá Ársólar er *Heilsubók barnsins* sem gefin er út af Samtökum Heilsuleikskóla og í bókina eru ýmsir þroskaþættir skráðir, t.d. hreyfiþroski, félagsfærni og svefn.

Mikil ráðgjöf er til foreldra, bæði þegar börnin hefja leikskólanámið, á foreldrafundum og í gegnum skólaárið í samskiptum við fagfólk skólans. Einnig senda skólastjórnendur tölvupósta til foreldra með ábendingar um uppeldi barna og heilsufar, t.d. varðandi smitsjúkdóma barna.

9 Fylgigögn

9.1 Umbótaáætlun 2023-2024

9.2 Skóladagatal 2023-2024

9.3 Gátlisti heilsustefnunnar

9.4 Umsögn foreldraráðs

9.1 Umbótaáætlun 2023-2024

Stjórnun

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Matsaðferðir	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir eru notaðar við gagnaöflun?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum
Leikskólaþróun og starfsþróun	Stuðla að áframhaldandi þróun á starfi innan skólans og fylgjast með starfsþróun allra starfsmanna	Vinum sem stjórnendateymi varðandi þróun skólans og starfsþróun allra.	Yfir allt skólaárið	Stjórnendateymi	Fundargerðir frá stjórnendafundum. Starfsmannaviðtöl.	Að starfsmannaviðtöl og starfsmannakönnun merki jákvæða sýn starfsfólks á starfs- og leikskólaþróun
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Að allir starfsmenn lesi skólanámskrá, starfsáætlun og að verklagsreglur séu samræmdar og sýnilegar	Allir starfsmenn fái undirbúning til að lesa. Deildarstjórar hafi reglurnar sýnilegar á deildum	Er stöðugt í gangi	Stjórnendateymi	Gátlisti hjá lesefni starfsfólks, starfsmannakönnun	Að starfsmannakönnun sýni að allir þekkja þessar áætlanir og verklagsreglur

Uppeldis- og menntastarf

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Matsaðferðir	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir eru notaðar við gagnaöflun?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum
Skipulag náms og námsaðstæður	Merkja leikfangakassa/ sjónrænt dagskipulag	Setja myndir af innihaldi leikfanga á kassana/ myndir af daglegum athöfnum	Ágúst 2023- janúar 2024	Deildarstjórar	Gátlisti	Gátlisti sýnir að leikfangakassar eru merktir/sjónrænt dagskipulag komið í notkun
Leikskóli án aðgreiningar	Vera vakandi fyrir jafnræði á milli barna	Fræðsla til starfsfólks, kynna jafnréttisáætlun Ársólar, t.d. greina kynjamismunun o.fl.	Allt skólaárið	Stjórnendateymi	Starfsfólk merkir við þegar það hefur lesið fræðsluefni. Umræður í starfsmannaviðtölum	Að starfsfólk sýni í starfinu með börnunum að það sé vakandi fyrir jafnræði meðal barna
Mat á námi og velferð barna	Að skráningar séu markvissar	Myndefni, hópstjórar skrá niður hópastarf og þroskaþættir eru skráðir í Heilsubókina.	Allt skólaárið	Deildarstjórar og hópstjórar	Starfstengdar skráningar og Heilsubók barnsins	Þegar skráningar eru orðnar venjubundnar og sýnilegar í starfinu með börnunum
Áhersla á efla ákveðin þroskasvið barnanna	Að börnin eflist í sjálfshjálp, tilfinningaþroska, málörvun, fínhyrfingum og vitsmunaprofna.	Leggjum aukna áherslu á hvern þroskaþátt fyrir amk í einn mánuð í senn	Allt skólaárið	Deildarstjórar og hópstjórar	Skráningarblað fyrir hvern þátt fyrir sig	Þegar börnin sýna aukna framför í daglegu starfi

Mannauður

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Matsaðferðir	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir eru notaðar við gagnaöflun?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum
Hlutverk leikskólakennara	Hluterk leikskólakennarans gert sýnilegt í öllu starfi skólans	Faglegar umræður, kynningar fyrir starfsfólk, áhersla á að vera fyrirmynd annarra	September 2023 – maí 2024	Leikskólakennarar	Fagfundir, skráning umræðna, könnun fyrir hvern og einn leikskólakennara	Að könnun fyrir leikskólakennara sýni fram á hæfan leikskólakennara sem er sýnilegur í starfi og fyrirmynd annarra
Þekking starfsmanna á leik ungra barna	Að starfsmenn kynni sér þróun leiks	Faglegar umræður, kynningar fyrir starfsfólk, áhersla lögð á að starfsfólk lesi sér til í ýmsum fræðiritum	September 2023- maí 2024	Allir starfsmenn	Könnun lögð fyrir starfsfólk, faglegar umræður um þróun leiks á skipulagsdögum	Að könnun og umræður sýni fram á að starfsfólk hafi kynnt sér þróun leiks ungra barna

Leikskólabragur

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Matsaðferðir	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir eru notaðar við gagnaöflun?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum
Viðmót og menning	Að nýtt starfsfólk finni sig velkomið til starfa og læri inn á starfshætti og menningu skólans	Að móttökuáætlun Skóla ehf. sé fylgt eftir	Allt skólaárið	Stjórnendateymi	Viðtöl við nýtt starfsfólk með reglubundnum hætti	Niðurstöður úr nýliða viðtölum sýni ánægju í starfi og að það sé vel upplýst um starfshætti og menningu skólans

Innra mat

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Matsaðferðir	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir eru notaðar við gagnaöflun?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum
Opinber birting og umbætur	Að umbótaþættir séu birtir í starfsáætlun og unnið sé eftir þeim á skólaárinu	Umbótaáætlun sé sýnileg í starfsáætlun og birt á heimasíðu Ársólar	Haustönn 2023 og endurmat fer fram í maí 2024	Stjórnendateymi	Gátlisti út frá umbótaáætlun	Að a.m.k. 80% árangur hefur náðst í þeim viðmiðum skólans
Samskipti og upplýsingaflæði	Að allir starfsmenn séu vel upplýstir	Fundargerðir eftir deildarstjóra og fagfundi settar inná deildar fyrir starfsfólk að lesa.	Allt skólaárið	Stjórnendur og allir starfsmenn	Könnun lögð fyrir á vorönn.	Könnun sýni framá að betra upplýsingaflæði til deilda og á milli starfsmanna

Grænfáninn

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðferðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Matsaðferðir	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir eru notaðar við gagnaöflun?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum
Markmið og unnið að úttekt	Að vinna að settum markmiðum fyrir skólaárið 2023-2024 og unnið að því að Ársól fái Grænfánann í fjórða sinn haustið 2024	Aðgerðaráætlun út frá markmiðasetningu	Skólaárið 2023-2024	Grænfánateymi	Gátlisti út frá aðgerðaráætluninni	Að allir séu að vinna að markmiðunum, það sé sýnilegt í leikskólanum og börnin læri í gegnum leik með náttúrulegum efnivið

Gátlisti Heilsueflandi leikskóla

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Matsaðferðir	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir eru notaðar við gagnaöflun?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum
Tannheilsa	Að efla leikskólann í ýmsum þáttum er varða tannheilsu barnanna	Ársól mótar sér stefnu í tannheilsu. Fræðsluefni fyrir foreldra. Heilsubók barnsins endurskoðuð mtt tannheilsu ungra barna.	Haustönn 2023 og endurmat fer fram í haustönn 2024	Heilsueflandi teymi Ársólar og skólastjórar	Gátlisti Heilsueflandi leikskóla	Að ná fleiri viðmiðum er varða tannheilsu
Fylgjast betur með hávaðamælingu	Að starfsfólk sé meðvitað um áhrif hávaða í umhverfi barna	Fá vinnueftirlit til að gera hávaðamælingu og jafnvel „eyrað“ svo að umhverfishljóð séu sýnileg	Haustönn 2023	Skólastjórar	Gátlisti Heilsueflandi leikskóla	Að ná viðmiði 5: að öllu leyti komið til framkvæmda

9.2 Skóladagatal 2023- 2024



Skóladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla: **Ungbarnaleikskólinn Ársól**

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁJ	JÚNÍ	
1 h	1 F	1 S	1 M	1 F	Falldagurinn	Nýársdagur	1 F	1 M	Annar í Páskum	Verkalýðadagurinn	1 L
2 M	2 L	2 M	2 F	2 L	2 h	Skíptagedagur	2 F	2 h	Bílar dagar - Dagur einhversþings	2 F	2 S
3 F	3 S	3 h	3 F	3 S	3 M		3 L	3 S	3 M	3 F	3 M
4 F	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F		4 S	4 M	4 F	4 L	4 h
5 L	5 h	5 F	Foreldrafundur frá 18:30-19:30	5 S	5 h		5 F	5 h	5 F	5 S	5 M
6 S	6 M	6 F		6 M	6 L	Inntíðindinn	6 M	6 L	6 L	6 M	6 F
7 M	Frídagur vertíðanna	2. Aðlögunarhöpur	7 L	7 h	7 F		7 S	7 M	Dagur íttíttarabólaga	7 F	7 F
8 h	8 F	Dagur læisla	8 S	8 M	8 L	Marítisdagur gegn einelti	8 M	8 F	1/2 Skíptagedagur	8 M	8 M
9 M	9 L	9 M	9 F	9 L	9 h	9 F	9 F	9 L	9 h	9 F	9 S
10 F	10 S	10 h	10 F	10 S	10 M		10 L		10 F	10 M	10 M
11 F	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F		11 S	Dagur íslenskra tákensálanna	11 M	11 F	11 h
12 L	12 h	12 F	12 S	12 h	12 F		12 M		12 M	12 S	12 M
13 S	13 M	13 F	13 M	13 L	13 L	Skíptagedagur	13 h	13 L	13 M	13 L	13 M
14 M	14 F	14 L	14 M	14 F	14 S	Rauðar dagar - hláskennir	14 M	14 M	Dagur stærðfræðingar	14 S	14 F
15 h	15 F	15 S	15 M	15 F	15 M		15 F	15 F	15 M	15 M	15 L
16 M	16 L	Dagur íslenskra náttúru	16 M	16 F	16 h		16 F	16 L	16 h	16 F	16 S
17 F	17 S	Blekkur dagar	17 F	17 S	17 M	Dagur íslenskra tungu	17 L	17 S	17 M	17 M	17 M
18 F	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F		18 S	18 M	18 F	18 L	18 M
19 L	19 h	19 F	19 S	19 h	19 F	Bændagur - Blöndukaffi	19 M	19 M	19 M	19 F	19 M
20 S	20 M	20 F	20 M	20 L	20 L	Dagur mannréttinda barna	20 M	20 M	20 L	20 M	20 F
21 M	21 F	3. Aðlögunarhöpur	21 L	21 h	21 S		21 M	21 M	21 F	21 S	21 F
22 h	22 F		22 S	22 M	22 F		22 M	22 F	22 F	22 M	22 L
23 M	1/2 Skíptagedagur		23 S	23 L	23 M	Þorlákmesse	23 h	23 F	23 L	23 M	23 S
24 F	1. Aðlögunarhöpur		24 h	24 F	24 S	Aðfangadagur jóla	24 M	24 L	24 M	24 F	24 M
25 F	25 M		25 L	25 M	25 F	Jóladagur	25 F	25 S	25 M	25 F	25 h
26 L	26 h	Evrópaki tungumáladagurinn	26 F	26 S	26 h	Annar íttíttarabólaga	26 F	26 M	26 M	26 F	26 M
27 S	27 M	27 F	27 L	27 M	27 F	Þorrablót Ársólar	27 S	27 M	27 M	27 L	27 M
28 M	28 F	28 S	28 M	28 L	28 F	Fjókublað dagur	28 M	28 M	28 F	28 S	28 F
29 h	29 F	29 S	29 M	29 L	29 F		29 M	29 F	29 M	29 L	29 M
30 M	30 L	30 M	30 F	30 L	30 h		30 M	30 F	30 M	30 S	30 S
31 F		31 h		31 S	31 M	Gættisdagur	31 M	31 S	31 M	31 F	31 M

*Síðasti dagur f. sumarlokun er 28.júní 2024 með fyrirvara um breytingar

9.3 Gátlisti heilsustefnunnar



Gátlisti heilsustefnunnar

<u>Lífsleikni</u>		Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
Leikurinn					
1	Börnin fá tíma og rými fyrir sjálfsprottinn leik		X		
2	Frumkvæði og hugmyndaflug barna er virt		X		
3	Efniviður er vandaður, fjölbreyttur og vekur áhuga barnanna			X	
4	Starfsfólk er til staðar til að kveikja áhuga og styðja við nám barnanna	X			
5	Starfsfólk er hvatt til að kynna sér skilgreiningu á þróun leiks		X		
<u>Samskipti</u>		Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
Börnin eru hvött til tjáskipta					
2	Börnin fá tækifæri til að leysa ágreining sín á milli		X		
	Lögð er áhersla á jákvæð samskipti á milli:	X			
3	barna	X			
4	barna og starfsfólks	X			
5	starfsfólks	X			
6	foreldra og starfsfólks	X			

Líðan					
		Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
1	Lögð er áhersla á að efla sjálföryggi barna	X			
2	Lögð er áhersla á að kenna börnum að sýna hvert öðru umhyggju	X			
3	Starfsfólk nýtir frjálsa leikinn til að fylgjast með líðan barna	X			
4	Börnin eru hvött til þess að segja með orðum hvernig þeim líður	X			
<u>Næring og sjálfshjálp</u>		Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
Næring		Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
1	Matseðilinn er settur saman með hliðsjón af ráðleggingum Embættis landlæknis	X			
2	Matseðilinn er yfirfarinn og samþykktur af næringarfræðingi	X			
3	Matseðillinn er sýnilegur foreldrum	X			
4	Viðmið Embættis landlæknis er notað þegar valin er mjólk	X			
5	Boðið er upp á fisk tvisvar í viku eða oftar	X			
6	Boðið er upp á fjölbreytt grænmeti daglega	X			
7	Ávextir eru í boði oftar en einu sinni á dag	X			
8	Boðið er upp á lýsi eða annan D vítamínjafa daglega	X			
9	Trefjainnihald brauðs er að lágmarki 6 grömm á hver 100 grömm	X			
10	Vatn til drykkjar er aðgengilegt	X			
11	Máltíðir eru að mestu unnar frá grunni	X			
12	Salti í máltíðum er haldið í lágmarki < 2,5gr RDS	X			
13	Hörð fita í máltíðum er höfð í lágmarki	X			

14	Börnin eru hvött til að smakka allan mat	X			
15	Jákvæð umræða er um matinn í matartímum og fræðsla um hollustu	X			
Svefn					
		Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
1	Leikskólinn veitir börnunum tækifæri til hvíldar yfir daginn	X			
2	Leikskólinn veitir þeim börnum sem sofa tækifæri til þess yfir daginn	X			
3	Leikskólinn styðst við viðmið heilsugæslu þegar kemur að svefnþörf barna undir 2 ára 12,5 - 15,5 klst. á sólarhring og 2-4 ára 11-13 klst. á sólarhring	X			
Sjálfs hjálpi					
		Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
1	Í leikskólanum fá börn 2 ára og eldri hníf og gaffal		X		
2	Börnin eru hvött til að smyrja sjálf				X
3	Börnin eru hvött til að hella sjálf				X
4	Börnin eru látin þvo sér um hendur eftir salernisferðir og útiveru		X		
5	Börnin eru hvött til að klæða sig sjálf		X		
Sköpun					
		Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
1	Fagstjóri/ábyrgðaraðili sér um skipulagningu sköpunar			X	

2	Dagskipulagið gefur tækifæri til skapandi vinnu	X			
3	Skapandi efniviður er til staðar og aðgengilegur fyrir börnin bæði úti og inni			X	
4	Efniviður til að þjálfa fínhyfingar (t.d. litir, skæri, pappír) er til staðar og aðgengilegur fyrir börnin			X	
5	Börnin fá tækifæri til að beita líkamanum á mismunandi hátt, t.d. sitja við borð, standa við trönur, liggjandi á gólfi o.s.frv.	X			
6	Börnin fá tækifæri til að fara ólíkar leiðir í sköpun (myndlist, sögugerð, tónlist, dans, tjáning, frjáls leikur, ræktun)	X			
7	Starfsfólk er meðvitað um að sköpunarferlið skiptir mestu máli en ekki útkoman	X			
8	Starfsfólk er meðvitað um mikilvægi þess að grípa augnablikin og vekja forvitni barnanna á umhverfi sínu	X			
9	Verk barnanna eru sýnileg hvort sem það tengist myndlist, frásagnir, koma á framfæri því sem þau eru að skapa	X			
<u>Hreyfing</u>		Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
1	Fagstjóri/ábyrgðaraðili sér um skipulagningu hreyfingar	X			
2	Áhöld til að geta framkvæmt æfingarnar úr Heilsubók barnsins eru til staðar	X			
3	Hreyfistundir eru byggðar á þáttum úr Heilsubókinni	X			
4	Samræmd markmið og tímaseðlar eru fyrir hvern aldur í hreyfistundum	X			
5	Skipulagðar hreyfistundir í sal eru að lágmarki einu sinni í viku	X			
6	Börnin fara út að minnsta kosti einu sinni á dag	X			

7	Leikskólinn nýtir sitt nánasta umhverfi fyrir hreyfistundir	X			
8	Starfsfólk tekur þátt í leikjum og hreyfingu með börnum inni/úti		X		
9	Farið er í göngu- eða vettvangsferðir með öll börn reglulega		X		
10	Stjórnendur leitast við að fá námskeið fyrir starfsfólk tengd hreyfingu barna		X		
11	Starfsfólk er hvatt til hreyfingar í frítíma	X			
12	Foreldrar fá fræðslu um heilsustefnuna	X			
<u>Skráningar</u>		Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
1	Markvisst er fylgst með þroska barna með skráningu í Heilsubók barnsins og skráð er tvisvar á ári	X			
2	Ábyrgðaraðili er yfir skráningu Heilsubókar	X			
3	Ábyrgðaaðilar eru öryggir á því hvernig á að skrá í Heilsubókina	X			
4	Lögð er áhersla á nákvæma skráningu um heilsufar barna	X			

9.4 Um starfsáætlanir leikskóla og foreldraráð

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla.

Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Samkvæmt lögum um leikskóla þarf að fá umsögn foreldraráðs um áætlunina áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfsþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Heildarfjöldi barna og fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Foreldraráð, foreldrafélag, foreldrafundur og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.

- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið. Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Katrín S. Björnsdóttir
Nanna Margrét Kristinsdóttir
Sigurveig Jóhannsdóttir

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

9.4.1 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlunin er líkt og áður metnaðarfull, nákvæm og upplýsandi. Með áætluninni fá foreldrar góða innsýn inn í starfið ásamt framtíðarmarkmiðum sem unnið er að í Ársól. Það er augljóst í starfsáætluninni að starfsfólk Ársólar er faglegt og er í sífellu að leita leiða til úrbóta í starfsumhverfinu, sbr. kafla um markmið til símenntunar 2023-2024. Lagt er sérstaka áherslu á samvinnu við foreldra t.d. með foreldraviðtölum og samræðum og er það mikilvægur þáttur uppeldi og þroska barna, ásamt því að foreldrum er boðið á metnaðarfullar og vel skipulagðar skemmtanir sem lýst er í áætluninni. Sérlega ánægjulegt er að sjá að hreyfing og mataræði innan Ársólar virðist samrýmast vel gátlista Embætti landlæknis um Heilsuefandi leikskóla (að undanskildri tannheilsu sem nú þegar hefur hafist vinna við úrbætur á). Ástríða fyrir örvun hreyfiþroska barna sést vel á starfinu enda er hreyfingasalurinn augljóslega einn uppáhaldsstaður barnanna. Vel hefur verið tekið á ýmsum þáttum sem tengjast smitsjúkdómum og veikindum barna og eru reglurnar skýrar. Þá verður ekki betur séð en að starfsmenn leikskólans hafi staðið sig vel í upplýsingagjöf til foreldra með milligöngu Karellen ásamt tölvupóstum. Einnig er það aðdáunarvert hve mikill metnaður er fyrir umhverfisvernd og sjálfbærni hjá Ársól með ýmsum markmiðum t.d. að fá Grænfánann í fjórða sinn.

Stjórnendaskipti hafa verið vel unnin og hefur Inga Dóra staðið sig með þryði að taka við verkefnum. Heilt yfir skín í gegn í áætluninni að starfsfólk Ársólar er faglegt og því er umhugað um velferð yngstu barnanna.

Virðingafyllst fyrir hönd foreldraráðs,

Nanna Margrét Kristinsdóttir

F.h. Ungbarnaleikskólans Ársól

Inga Dóra Hliðdal Magnúsdóttir 30. júní. 2023

Leikskólastjóri

Dagsetning